

**Ed.**

**687. Frumvarp til laga**

[242. mál]

um fasteignamat og fasteignaskráningu.

(Eftir 2. umr. í Ed., 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 564 með þessum breytingum:

8. gr. hljóðar svo:

Við matið skal hver jörð, sem hefur sérstök bæjarhús og afskipt tún og engi. metin sér til verðs, hvort sem hún telst lögbýli eða eigi og hvort sem hún er býli byggt úr landi annarrar jarðar eða eigi.

Enn fremur skal meta sérstaklega allar lóðir og lendur, ásamt mannvirkjum, itök og fasteignaréttindi, sem ekki fylgja neinni ákveðinni jörð eða húseign, svo sem vatnsréttindi, námuréttindi, veiðiréttindi, beitarréttindi og jarðhitaréttindi, sem seld hafa verið undan jörðum.

Lönd, sem látin hafa verið á erfðafestu, skal meta sér, hvort sem mannvirki hafa verið reist þar eða eigi.

Eyðijarðir og óbyggðar lóðir og lendur skal meta sér til verðs.

Nú rís ágreiningur milli fasteignamatsnefndar og aðila um það, hvort meta skuli fasteign sér eða ekki, og sker yfirfasteignamatsnefnd þá úr. Úrskurði má skjóta innan mánaðar, frá því að hann gekk, til fjármálaráðherra, sem leggur fullnaðarúrskurð á málið.

Nánari ákvæði um það, hverjar eigur skuli metnar sér, skulu sett í reglugerð.

11. gr. hljóðar svo:

Þessar eignir eru undanþegnar fasteignamati:

1. Vegir, torg og almenningsgarðar í eigu ríkis eða sveitarfélaga og önnur slík svæði, sem ætluð eru almenningi til umferðar eða dvalar án endurgjalds.
2. Rafveitur, vatnsveitur og skolpeitur.
3. Hafnargerðir.
4. Kirkjugarðar.

20. gr. hljóðar svo:

Á fimm ára fresti milli aðalmata skal yfirfasteignamatsnefnd kanna, hvort fasteignaverð hafi breytzt verulega á tímabilinu. Nú telur yfirfasteignamatsnefnd, að svo sé, og getur fjármálaráðherra þá ákveðið breytingu á mati fasteigna í landinu í samræmi við það.

21. gr. hljóðar svo:

Milli aðalmata samkv. 1. gr. fer fasteignamat fram í eftirfarandi tilvikum:

1. Á nýjum húsum og mannvirkjum (frummat), þegar hús eða annað mannvirki er fullgert.
2. Á öðrum fasteignum, ef ætla má, að virðing á þeim tíma, er mats er beiðzt, mundi án tillits til almennra breytinga á verðlagi fasteigna verða verulega frábrugðin aðalmatsvirðingu fasteigna, er síðasta aðalmat fór fram.

22. gr. hljóðar svo:

Mat samkvæmt 21. gr. framkvæma úttektarmenn, hver í sinum hreppi, en í kaupstöðum og annars staðar, þar sem ekki eru til úttektarmenn, skal til þess starfs kveðja tvo menn. Nefnir fjármálaráðherra annan, en hreppsnefnd eða bæjarstjórn kýs hinn.

Fjármálaráðuneytið (fasteignamat ríkisins) hefur eftirlit með því, að mat samkvæmt 21. gr. fari fram, þegar ástæða er til. Framkvæma skal matið eftir sömu grundvallarreglum og fylgt er við aðalmat.

Unz fasteignamatsskrá er löggilt fyrsta sinni samkvæmt 1. gr. laga þessara, leggur fjármálaráðuneytið fullnaðarúrskurð á kærur út af aukamati, en eftir þann tíma sker yfirfasteignamatsnefnd úr, sbr. 23. gr. 1. mgr. Kærur til fjármálaráðuneytisins skulu vera skriflegar og rökstuddar, og skal aðili kæra matið til ráðuneytisins innan mánaðar frá því, að tilkynning um matið var send honum.